



Land og skógur

Taxtar 2024

vegna skógræktarverkefna á lögbýlum

Í 14. grein laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 kemur fram að Land og skógur (áður Skógræktin) skuli hafa samstarf við félag skógarbænda á viðkomandi svæðum. Land og skógur skuli leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda (LSE) við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykks kostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. Þá skulu Land og skógur og Landssamtök skógareigenda móta sér sameiginlegar verklagsreglur um hvernig samráði þeirra í milli skuli háttað. Með vísan í þessa lagagrein sem og 8. gr. reglugerðar nr. 286/2015 eru eftirfarandi viðmið (taxtar 2024) send til umsagnar.

Frá árinu 2020 hefur samkomulag verið á milli LSE og Lands og skógar um að taxtabreytingar skuli reiknaðar sem blanda af vísitölum launa og vísitölu framfærslu- og neysluverðs jan. 2023 – jan. 2024. Notuð verði hlutföllin 60% launavísitala og 40% vísitala framfærslu- og neysluverðs. Með þeirri reiknireglu liggur fyrir að 9,6% hækkun verði á töxtum árið 2024.

	Taxtar		
		2023	2024
1.	Gróðursetning Krónur/planta		
	67-gata bakki	20,63	22,61
	40-gata bakki	24,38	26,72
	35-gata bakki	27,99	30,69
	24-gata bakki	30,01	32,90
	Stiklingar	18,04	19,77
2.	Áburðargjöf		
	á nýgróðursetningu	11,35	12,44
	á eldri plöntur	14,94	16,38
3.	Handflekking	15,90	17,43
4.	Erfið handflekking	20,74	22,74
5.	Umsjónargjald	8,30	9,10
6.	Íbætur/íblöndun	6,09	6,68
7.	Plöntuflutningar kr. á plöntu		
	Innan við 24,9 km frá dreifingarstöð	2,07	2,27
	25-74,9 km frá dreifingarstöð	3,46	3,79
	Yfir 75 km frá dreifingarstöð	4,84	5,31
8.	Jarðvinnsla á hektara	49.512,82	54.277,93
9.	Skjólbelti		
10.	10. Millibilsjöfnun í lerkiskógi		
	A) fyrir tré/stofna grennri en 7 cm DBH eru greiddar kr.	106,61	116,87
	B) fyrir tré/stofna sverari en 7 cm DBH eru greiddar kr.	163,30	179,02



Land og skógur

Skýringar:

1. **Gróðursetning.** Mismunandi gjald er greitt fyrir hverja gróðursetta plöntu eftir bakkastærð.
2. **Áburður og áburðargjöf.** Mismunandi gjald er greitt fyrir áburðargjöf. Annars vegar á nýgróðursetningar þar sem miðað er við 12,5 gr. á plöntu sem dreift er u.þ.b. 5 cm frá plöntu og ofan við standi hún í halla. Inni í gjaldinu er styrkur til áburðarkaupa en miðað er við að notaður sé áburður með N- og P-innihaldi. Algeng hlutföll af N-P eru 26-13, 25-5, 23-12, 24-9. Hins vegar áburðargjöf á eldri gróðursetningar; þar er átt við ársgamlar gróðursetningar og eldri. Þá miðast magnið við 25 gr. á plöntu sem dreift er eins og á nýgróðursetta plöntu. Samráð skal haft við skógræktarráðgjafa ef talin er þörf á áburðargjöf á eldri gróðursetningar.
3. **Handflekking.** Þegar gróðurhula ca 20 x 20 cm er rifin af til að bæta skilyrði fyrir gróðursetta plöntu.
4. **Erfið handflekking.** Eins og handflekking en á við um mjög grasgefið land og þéttan hrísmóa.
5. **Umsjónargjald.** Til umsjónar telst umhirða og flutningur á plöntum á gróðursetningarsvæði, útfylling og skil á kortum og gróðursetningarskýrslum.
6. **Íbætur/íblöndun.** Greitt er fyrir íblöndun þegar gróðursett er inn í eldri gróðursetningar. Á eingöngu við eftir ráðleggingar og samþykki skógræktarráðgjafa. Upphæðin leggst ofan á gróðursetningarkostnað, sbr. 1. lið.
7. **Plöntuflutningar.** Greitt er fyrir hverja plöntu, fast gjald.
8. **Jarðvinnsla.** Viðmiðunargjald ef bóndi sér sjálfur um jarðvinnslu (plæging, tæting, herfing o.s.frv.)
9. **Um framlag til ræktunar skjóllunda og skjólbelta** á jörðum gilda eftirfarandi reglur: Land og skógur annast skipulagningu skjóllunda og skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veita leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ábúandi/landeigandi sér um jarðvinnslu, áburðargjöf, fergingu, plastlagningu og vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar). Af fjárveitingum Lands og skógar til skjólbeltagerðar er fastur vélastyrkur andvirði innskatts af efniskaupum (plöntur og plast); þessi háttur hefur verið hafður á tvö undanfarin ár. Útborgun verði þar með engin, en ábúandi/landeigandi innheimti virðisaukaskatt efnisreikninga.
Innihald framlags í skjólbeltasamningi verður því eftirfarandi:
 - a) Ráðgjöf og skipulag
 - b) Plöntur og íbætur
 - c) Gróðursetning skv. texta
 - d) Plastdúkur

Ábúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum starfsmanns Lands og skógar varðandi skipulag, jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinin verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda.



Land og skógur

10. **Greiðslur fyrir millibilsjöfnun í lerkiskógi og fyrir fyrstu grisjun** (svæði minni en þrjú ha) í ungskógum eru tvískiptar og er greitt eftir fjölda felldra trjáa. Öll grisjun umfram þrjú hektara verður boðin út. Skógarbónda verður gert kleift að ganga inn í lágsta tilboð á sinni jörð ef hann óskar þess.
11. **Greitt er fyrir girðingaviðhald.** Viðmiðið er ákveðin krónutala á hvern samningsbundinn ha sbr. gildandi reglur sem tóku gildi 1. janúar 2022:

Reglur um framlög vegna girðingaviðhalds samningssvæða í skógrækt á lögbýlum

Þessar reglur eru unnar á grundvelli laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og reglugerðar um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015.

1. Aðilar með þinglýstan samning um skógrækt á lögbýlum eiga rétt á að sækja um styrki til girðingaviðhalds meðan á gróðursetningu stendur og unglöntur þurfa á friðun að halda.
2. Rétturinn gildir til allt að 10 ára frá síðustu gróðursetningu þar sem minnst 1.000 plöntur voru gróðursett. Eftir það fellur hann niður, að því gefnu að áframhaldandi friðun sé skóginum ekki nauðsynleg. Hægt er að sækja um framhald styrkja til girðingaviðhalds á grundvelli friðunarþarfar skógarins og metur Land og skógur nauðsyn þess í hverju tilvik miðað við hæð plantna og beitarálag.
3. Sótt eru um stuðning vegna girðingaviðhalds í upphafi hvers árs, um leið og sótt er um stuðning til annarra framkvæmda s.s. gróðursetningar, snemmgrisjunar, slóðagerðar og jarðvinnslu.
4. Viðhaldsgreiðslur girðinga eru ákveðin krónutala á hvern hektara samningssvæðis, skv. lið 1. Viðmiðunartaxtinn árið 2022 er 750 krónur/ha samningssvæðis.
5. Taxtinn er gefinn út ár hvert um leið og aðrir taxtar Lands og skógar, í samræmi við 8. gr. í reglugerð Lhv. nr. 285/2015 og er uppfærður árlega miðað við verðlagsbreytingar.
6. Uppgjör á framlagi fer fram eftir úttekt skógræktarráðgjafa, sem fer fram um leið og úttekt á öðrum framkvæmdum, á viðkomandi skógarjörð ár hvert.

Reglur þessar tóku gildi 1. janúar 2022 en voru uppfærðar með heiti nýrrar stofnunar frá og með árinu 2024.